

## 5. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

19. apríl 2021 kl 12:50

Mættir: Aron Sölvi, Valey Rún, Eiríkur, Haraldur Magnús, Matthildur, Þórunn María, Beníta, Ísar, Stefanía, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Það er stutt í næsta verkefni sem verður á umhverfisdaginn sem haldinn er í Heiðarskóla föstudaginn 23. apríl. Planið er að fara í fjöru á Innnesinu og ganga fjörur frá Krosslandi að Miðgarði og hreinsa fjörur í leiðinni. Einnig á að vinna að lífbreytileikaverkefninu í leiðinni. Tómas frá Bláa hernum kemur með okkur til aðstoðar og fræðslu.
- Farið yfir matarsóunarvikuna. 3. bekkur var með besta árangurinn eða 0 gr. alla vikuna.
- Í maí er Survivor og þarf að fara að huga að þeim degi. Vonandi verður hægt að halda hann. Nefndin er sammála um að aldursblöndun í Survivor sé mjög skemmtileg og stöðvavinna út um skóginn sem þarf að leita að.
- Umsókn er komin af stað fyrir endurnýjun Grænfána. Verið er að leggja lokahönd á skýrsluna þar sem fram kemur hvað við höfum verið að gera og svo er úttekt.
- Í maí er líka gróðursetningardagurinn og þá höldum við áfram að rækta skóginn okkar.

Fundi slitið 13.20

Þórdís Þórisdóttir